

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs - 63. fundur – 5. júlí 2010.

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs að Hamraborg 1, 5. júlí 2010 kl. 16:30.

Fundinn sátu nýkjörnir stjórnarmenn Pétur Hrafn Sigurðsson, Helga Margrét Reinhardsdóttir og Sveinbjörn Strandberg ásamt héraðsskjalaverði Hrafn Sveinbjarnarsyni.

Dagskrá.

1. Ný stjórn skiptir með sér verkum. Kosning formanns og ritara.
2. Héraðsskjalavörður kynnir starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs. Skoðunarferð um Héraðsskjalasafnið.
3. Önnur mál.

1. Ný stjórn skiptir með sér verkum. Kosning formanns og ritara.

Samkomulag varð um að Pétur Hrafn Sigurðsson yrði formaður stjórnar og að Helga Margrét Reinhardsdóttir yrði ritari stjórnar. Helgu var síðan afhent fundargerðarbók Héraðsskjalasafnsins til varðveislu.

2. Héraðsskjalavörður kynnir starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs. Skoðunarferð um Héraðsskjalasafnið.

Héraðsskjalavörður sýndi stjórninni húsnæði safnsins að Hamraborg 1 og þá aðstöðu sem safninu er búið þar og heilsað var upp á þá starfsmenn sem voru á staðnum. Að því loknu kynnti hann starfsemi safnsins og lagði fram ýmis skrifleg gögn því til stuðnings. Hann afhenti einnig stjórnarmönnum eintak af ársriti Héraðsskjalasafns Kópavogs fyrir tímabilið 2006-2007. Fundarmenn koma allir nýjir til starfa og því var farið vel yfir alla helstu þætti reksturs safnsins.

Farið var yfir þau verkefni sem ný stjórn þarf að vinna að á nýju kjörtímabili.

Í málefnasamningi um meirihutasamstarf Samfylkingar, Vinstri grænna í Kópavogi, Lista Kópavogsbúa og Næstbesta flokksins er tilgreint að “Héraðsskjalasafni Kópavogs verði fundið varanlegt húsnæði og það opnað bæjarbúum”. Eitt aðalmál nýrrar stjórnar verður því að vinna að því að finna húsnæði sem hentar safninu til framtíðar.

3. Önnur mál

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 9. ágúst kl. 16:30 að Hamraborg 1.

Listi yfir fylgiskjöl:

www.kopavogur.is - Héraðsskjalasafn Kópavogs

Rekstraryfirlit ársins 2008

Rekstraruppgjör 1.1.2009-31.12.2009

Rekstraruppgjör 01.01.2010-5.7.2010

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti – Reglugerð um héraðsskjalasöfn

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands Nr. 66 1985

Samþykkt fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs, frá 28.11.2006

Samþykkt fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs frá 24.10.2000 samt bréfi frá Ólafi Ásgeirssyni þjóðskjalaverði á Þjóðskjalasafni Íslands dags. 12.12.2000

Code of Ethics frá International Council on Archives frá 6.9.1996

Skýrsla héraðskjalavarðar Kópavogs til stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs um húsnaðismál stofnunarinnar með tillögu um úrbætur 24. maí 2007

Ársrit Héraðsskjalasafns Kópavogs 2008-2009 – efnisyfirlit